



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 13. desember 2022

Staðsetning fundar: Reitum, Kringlu 3. hæð

Dagsetning: þri.13.12.2022 kl. 14:00

Mættir: Íris, Alexandra, Sunna, Sírý, Anna, Áróra. Fjarverandi: Ragnar, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Aðildafélög

Rædd voru erindi frá aðildafélögum þess efnis að Grænni byggð myndi taka til skoðunar EU Taxonomy, og hvort hvetja ætti félagi til að uppfylla kröfur EU Taxonomy. Ýmsar reglugerðir um sjálfbæra fjármálastefnu verða innleiddar hér á landi á næstu mánuðum og árum, og munu mörg fyrirtæki þurfa að gera grein fyrir ýmsum umhverfismálum í starfsemi sinni. Á sama tíma og fagna má auknum kröfum til ábyrgtar stjórnunar fyrirtækja hefur EU Taxonomy mætt gagnrýni óháðra félagasamtaka vegna ákvarðana sem teknar hafa verið í tengslum við t.d. jarðgas, kjarnorku og skógrækt. Rætt var að félagar þyrftu í það minnsta meiri upplýsingar og verða aðildarfélagar sem eru fremstir í þessum málum beðnir um að halda erindi á morgunfundi Grænnar byggðar snemma á vormánuðum 2023.

Í [drögum að rg.](#) sem fastsetur tæknileg matsviðmið í EU Taxonomy segir m.a. í tengslum við hið byggða umhverfi;

36) Í Sambandinu skrifast 40% af orkunotkun og 36% af kolefnislosun á byggingar í öllum geirum. Byggingar geta því gegnt mikilvægu hlutverki við mildun loftslagsbreytinga. Þess vegna ætti að mæla fyrir um tæknileg matsviðmið fyrir smíði nýrra bygginga, endurnýjun bygginga, uppsetningu mismunandi orkunýtins búnaðar, staðbundins endurnýjanlegs orkugjafa, veitingu orkuþjónustu og fyrir kaup og eignarhald á byggingum. Þessi tæknilegu matsviðmið ættu að byggjast á mögulegum áhrifum af þessari starfsemi, orkunýtingu bygginga og tengdri losun gróðurhúsalofttegunda og innbyggðri kolefnislosun (e. embedded carbon). Að því er varðar nýjar byggingar gæti verið nauðsynlegt að endurskoða tæknilegu matsviðmiðin til að tryggja að þessi viðmið haldist samræmd við markmið Sambandsins í loftslags- og orkumálum.

37) Bygging eignar eða aðstöðu sem er óaðskiljanlegur hluti af starfseminni, sem fastsetja ætti tæknileg matsviðmið fyrir til að ákvarða við hvaða skilyrði sú starfsemi telst stuðla verulega að mildun loftslagsbreytinga, getur verið mikilvægt skilyrði fyrir því að sú atvinnustarfsemi sé stunduð. Því er rétt að taka byggingu slíkra eigna eða aðstöðu með sem hluta af starfseminni sem sú uppbygging skiptir máli fyrir, einkum vegna starfsemi í geirum orku, vatns, fráveitukerfis, úrgangs og hreinsunar sem og í flutningageiranum

2. Aðstaða félagsins



Félagið hefur ennþá til leigu skrifstofuaðstöðu á Laugavegi 176, en þrír starfsmenn félagsins hafa jafnframt fast aðsetur á HMS. Leigu verður sagt upp á næstu mánuðum en athugað verður hvort að Reitir geti boðið upp á annað hagstætt húsnæði.

3. Verkefni félagsins

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu rannsóknarverkefna sem verið er að vinna í á vegum félagsins; HringRás, Orkunotkun, BREEAM hagaðilagreining, BREEAM LCA, Byggingarúrgangur, CIRCON, Losunarlausir verkstaðir, NNCC. Umsóknir hafa verið lagðar fram fyrir Climate accelerator (á vegum NNCC), Núll-CO2 bygging (Askur) og Orkunotkun (Askur).

4. Fyrirspurnir til félagsins

Félaginu barst fyrirspurn um að fá að bjóða upp á fræðslu- og kynningarefni félagsins á annarri heimasíðu. Niðurstaða stjórnar var að eðlilegra væri og sjálfsagt að vísa á eða setja hlekk yfir á heimasíðu Grænnar byggðar, www.graennibyggd.is, þar sem finna má ógrynni af gagnlegu fræðsluefni, rannsóknarskýrslum, sem og hlekk frá viðburðum félagsins eða tengdum viðburðum.

5. Fjárhagur og starfsmannamál

Farið var yfir fjárhagsstöðu fyrirtækis og greiðsluáætlun næstu mánaða í tengslum við launakostnað, rannsóknarverkefni o.fl. Beðið er greiðslu vegna norrænna rannsóknarverkefna, og samræma þyrfti launataxta starfsmanna félagsins. Greiðsluáætlun var rædd innan stjórnar og ákveðið að fá mat HMS á launataxta starfsmanna. Ákveðið var að ekki yrði farið í launahækkun fyrr en innistæða hefði borist félaginu, og gæti hækkunin þá jafnframt verið afturvirk.

6. Starfsemi félagsins

Send voru út bréf til stjórnenda aðildafyrirtækja síðla í nóvember 2022 til þess að fá fram áherslur **markáætlunar**. Áróra mun senda út fundarboð til stjórnenda, sem þeir geta áframsent til lykiltengiliða, og verður fundur haldinn **16. mars 2023 kl. 11 – 12.30**. Fyrir fundinn verður stefnt að því að senda út spurningakönnun og að á fundinum verði farið yfir niðurstöður auk þess sem drög að markáætlun Grænnar byggðar til næstu fimm ára verða kynntar. Undirbúningur þessa fundar er í höndum stjórnar og framkvæmdarstjóra Grænnar byggðar.

Rætt var **félagatal** og kynningarstarf. Ákveðið var að framkvæmdastjóri fari yfir félagalista ásamt stjórn í ársbyrjun 2023 og hvernig kynna má sem best starfsemi fyrirtækis sem og hvað félagar fá út úr aðild. Mikilvægt að hafa skýrar línur með hvað aðildafélög fá út úr aðild, hver munur sé á 1. og 2. flokki, o.s.frv. Huga þarf stöðugt að þessu ytra kynningarstarfi, samtíma því sem hugað er að innra starfi félagsins.



Ræddir voru næstu morgunfundir Grænnar byggðar sem áætlaðir eru á vormánuðum.

Rædd var **hækkun aðildagjalda** í samræmi við umræður á seinasta aðalfundi félagsins. Starfsemi Grænni byggðar hefur sjaldan verið öflugri en á árinu sem er að líða. Félagið hefur fengið styrki fyrir fjölmörgum rannsóknarverkefnum og eru starfsmenn félagsins nú fjórir talsins og umfangið sífellt að aukast. Félagið er mikilvægur þáttur í sjálfbærari byggingariðnaði og til félagsins er leitað eftir þekkingu og ráðum reglulega, þar sem stjórnarfélagar sitja t.d. í mörgum starfshópum þar sem komið er fram fyrir hönd aðildarféлага.



Áletraður verðlaunagripur Grænu skóflunnar 2022.

Grunnstarfsemi félagsins er rekinn á aðildargjöldum féлага og án þeirra væri félagið ekki til. Aðildagjöld hafa ekki verið hækkuð frá 2019 og í ljósi aukinna umsvifa og hækkunar á verðlagi var rædd hækkun á gjaldskrá sem tæki gildi fyrir næsta ár. Langstærsti hluti útgjalda félagsins eru laun starfsfólks. Launavísitala hefur hækkað um næstum 30% frá síðustu hækkun aðildagjalda og vísitala neysluverðs hefur hækkað um ca. 20%. Gjaldkeri félagsins kynnti eftirfarandi hækkun á aðildagjöldum um 12-12,8 %, á grundvelli framangreinds.

Flokkar aðildar	Aðildagjöld 2019-2022	Aðildagjöld 2023	Hækkun
1. flokkur	665.000	750.000	12,8%
2. flokkur	400.000	450.000	12,5%
3. flokkur	133.000	150.000	12,8%
4. flokkur	25.000	28.000	12,0%

Stjórn samþykkti ofangreinda tillögu að hækkiun aðildagjalda og tekur hún gildi frá og með 1. Janúar 2023.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl 16:20. Næsti stjórnarfundur er settur 10. janúar.